

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Breyting á deiliskipulagi „Á sandi vestan Þorlákshafnar“ – iðnaðarsvæði á Víkursandi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 25. febrúar 2021, breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði á Víkursandi vestan Þorlákshafnar. Deiliskipulagið setur skilmála um byggingu iðnaðarhúsa á landinu í samræmi við heimildir aðalskipulags. Breytingin stækkar svæðið lítillega og breytir lóðum og lóðanúmerum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag fyrir Árbæ 4 í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 25. febrúar 2021, nýtt deiliskipulag fyrir Árbæ 4 í Ölfusi. Deiliskipulagið markar byggingarreit og setur skilmála um byggingu íbúðarhúss á landinu í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir skipulag þjónustumiðstöðvar og íbúða við Egilsbraut, Sunnubraut og Vetrarbraut í Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 25. febrúar 2021, breytingu á deiliskipulagi fyrir skipulag þjónustumiðstöðvar og íbúða við Egilsbraut, Sunnubraut og Vetrarbraut í Þorlákshöfn. Deiliskipulagsbreytingin heimilar að auglýsa lóðirnar sem skipulagið markar á almennum markaði, þó þannig að aldraðir hafi forgang þegar kemur að úthlutun.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 9. júní 2021.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.